



# MAT Á NÝJU STARFI

Þessi verkferill gildir þegar óskað er eftir mati á nýju starfi hjá sveitarfélagi

STARFSMAÐUR  
FYLLIR ÚT  
SPURNINGALISTA  
STARFSMATSINS



Starfsmaður þarf að hafa unnið 6 mánuði í nýju starfi áður en hægt er að óska eftir starfsmati. Að þeim tíma liðnum skal starfsmannastjóri óska eftir formlegu starfsmati frá starfsmatsráðgjöfum sem starfa í umboði Úrskurðarnefndar um starfsmat.

Með umsókn skal fylgja starfslýsing og útfylltur spurningalisti frá starfsmanni.

Spurningalistinn tekur mið af öllum þrettán þáttum starfsmatskerfisins og er ætlað að ná til margra mismunandi starfa hjá sveitarfélögum. Það er því mismunandi eftir störfum hvaða spurningar eiga við og hverjar ekki.

YFIRFARA GÖGN  
OG STAÐFESTA



Yfirmaður og starfsmannastjóri þurfa að yfirfara spurningalista og starfslýsingu og staðfesta að allar upplýsingar þar séu réttar og í samræmi við stefnu og kröfur stofnunar / sveitarfélags.

GÖGN SEND Í  
STARFMAT



Þegar öll gögn hafa verið yfirfarin og staðfest skal senda þau til starfsmatsráðgjafa sem starfa í umboði Úrskurðarnefndar um starfsmat á netfangið [starfsmat@samband.is](mailto:starfsmat@samband.is) eða í pósti merkt: Starfsmat, Borgartúni 30, pósthólf 8100, 128 Reykjavík

STARFSMATS-  
NIÐURSTAÐA

Þegar starfsmatsniðurstaða frá starfsmatsráðgjöfum liggur fyrir er hún send til starfsmannastjóra viðkomandi sveitarfélags og stéttarfélags og skulu þeir upplýsa starfsmann/starfshóp um niðurstöðu úr starfsmati.

Niðurstaða er einnig send til fulltrúa Úrskurðarnefndar um starfsmat.

Starfsmatsniðurstaðan frá starfsmatsráðgjöfum skal gilda frá þeim tíma er starfsmaður hóf störf. Hafi starfið verið tímabundið launasett hærra með bráðabirgðaröðun en kemur út úr starfsmati ber að lækka röðun starfsins til samræmis við niðurstöðu úr starfsmati. Sú lækkan tekur gildi þremur mánuðum eftir að niðurstaða berst sveitarfélagi.

Starfsmatskerfið SAMSTARF

Verkferill byggður á verklagsreglum um starfsmat sem voru samþykktum á fundi Úrskurðarnefndar í mars 2009



Sé starfsmaður/starfshópur ósáttur við endanlega niðurstöðu úr starfsmati hefur hann tækifæri til að óska eftir endurmati. Til þess að óska eftir endurmati þarf starfsmaður að fylla út endurmatsbeiðni. Endurmatsbeiðnin skal tekin fyrir af starfsmannastjóra og fulltrúa stéttarfélagsins innan fjögurra vikna. Telji þeir að málefnaleg rök séu fyrir óánægju starfsmanns/ starfshóps skal senda beiðnina áfram til starfsmatsráðgjafa ásamt umsögn. Sjá verkferil um endurmat á heimasíðu starfsmatsins.

Spurningalista og tillögu að formi fyrir starfslýsingu er hægt að nálgast á heimasíðu starfsmatsins.